

# Rannsókn: Filippseyningar á Íslandi: viðhorf, reynsla og þátttaka

Styrkþegar: Unnur Dís Skaptadóttir og Gwendolyn Requierme

## Samantekt

Helstu markmið rannsóknarinnar er að auka þekkingu á stöðu og möguleikum fólks frá Filippseyjum sem flust hefur til Íslands frá árinu 1990 til 2005. Athugaðir eru möguleikar þess á þátttöku í íslensku samfélagi og hvar skórinn kreppir í aðlögun þess. Eigindlegum aðferðum var beitt með viðtölum, vettvangsathugunum og greiningu á rituðum gögnum. Viðmælendur voru á ólíkum aldri og með ólíkan bakgrunn, á Reykjavíkursvæðinu, Ísafjarðarbæ og Akureyri. Spurt var um reynslu af því að búa á Íslandi og um þekkingu á réttindum og skyldum.

Rannsóknin sýndi að flestir komu til að skapa sér og fjölskyldum sínum í Filippseyjum bætta lífsafkomu og senda því peninga til foreldra, systkina, barna eða annarra ættingja. Dvölin á Íslandi er þó oftast hugsuð til lengri tíma og mjög fáir ætla sér að flytja til baka til Filippseyja á næstunni. Erfiðasta við komuna til Íslands var íslenskunámið en auk þess var fámennið og veðrið oft nefnt. Allir viðmælendur höfðu verið virkir á vinnumarkaði frá komu sinni til landsins. Félagslíf er tengt kirkjunum sem fólk tilheyrir, því að hitta vini og fjölskyldu frá Filippseyjum og vinnutengdum atburðum. Að tengjast innfæddum Íslendingum fjölskylduböndum auðveldar aðlögun og þátttöku í samféluginu mikið. Fram kom mikil óánægja með hve erfitt er orðið fyrir fyrir fólk frá Filippseyjum að flytjast til Íslands.

# Project: People from the Philippines in Iceland: Participation, views and experiences

Grantees: Unnur Dís Skaptadóttir and Gwendolyn Requirmen

## Abstract

The main goal of the research project is to produce knowledge about the position and the possibilities of people who have moved from the Philippines to Iceland from 1990 to 2005. Participation and integration processes are examined and problems that have come up when settling in a new country. Qualitative methods with interviews, participant observations and analysis of written records were applied. People of different ages, with different backgrounds, in the Reykjavík area, in Ísafjarðarbær and Akureyri were interviewed. They were asked about their experiences in Iceland and about knowledge of rights and duties.

The study showed that the majority of those interviewed came to make a better life for themselves and their families in the Philippines. Therefore they send remittance to parents, siblings, children or other relatives. The stay in Iceland is however not temporary and only few plan to return in the near future. Learning Icelandic, bad weather and the small population were often mentioned when talking about challenges when settling in Iceland. All of the participants in the study had been active on the labor market since coming to Iceland. Social activities varied greatly but were commonly connected with the church, meeting friends and family from the Philippines and work related activities. To have family connections with native born Icelanders is a great advantage for the integration into Icelandic society. A great dissatisfaction was expressed about how difficult it has become for people from the Philippines to move to Iceland.